

Níundi fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar  
Fundurinn haldinn 3. nóvember 2011 kl. 11.10 við Norðurgötu.

Fundargerð

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi. Fyrir hönd kennara Guðný Róbertsdóttir og Sigríður Ingimundardóttir. Fyrir hönd starfsfólks Sigríður Salmansdóttir. Fyrir hönd nemenda Ágúst Örn Jónsson og Daníela Jóhannsdóttir. Einnig mættu aðstoðarskólastjóri Ríkey Sigurbjörnsdóttir og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

**2. Fyrirkomulag kennslu í Grunnskóla Fjallabyggðar skv. bókun fræðslunefndar 12. október sl. liður nr. 10**

Í umræðum um bókunina kom upp spurning um það hvort ekki væri eðlilegra að skólaráð fjalli um bókun fræðslunefndar af þessu tagi áður en bæjarstjórn tekur hana til afgreiðslu, þar sem um viðamiklar breytingar er að ræða til framtíðar.

**3. Önnur mál**

a. Gjaldtaka sveitarfélagsins í sund

Skólaráð ræddi gjaldtöku sveitarfélagsins fyrir börn í sundlaugar. Skólaráð harmar gjaldtökuna og telur hana minnka líkur á því að nemendur á skólaaldri stundi sundlaugarnar. Fulltrúar nemenda bentu á að nú þyrftu börn t.d. að greiða gjald til þess að komast í sund að lokinni fótboltaæfingu, en áður þyrftu þau þess ekki.

b. Biðskýli

Skólaráð beinir því til bæjaryfirvalda að koma fyrir biðskýli fyrir nemendur við gatnamótin Ægisbyggð/Aðalgata á Ólafsfirði þar sem hefð hefur skapast fyrir því að skólabíllinn stoppi og að uppundir helmingur farþega nýti biðstöðina.

c. Næsta skólaár

Hugmynd komið á framfæri um að fækka nemendadögum á næsta skólaári og fjölga kennslustundum á viku í staðinn í þeim tilgangi að auka framkvæmdartíma verktaka við skólabyggingar. Lagt til að þetta verði skoðað samhliða vinnu við skóladagatal næsta skólaárs.

d. Vetrarfrí

Lagt til að gerð verði könnun meðal foreldra, nemenda og kennara um það hvenær vetrarfrí hentar best.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12.10  
skólastjóri

